

## 2. Hver eru réttindi barna?

*Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna skipti sköpum því að með honum er viðurkennt á heimsvísu að börn njóti ekki einungis verndar, heldur njóti þau einnig borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda.*

Maud de Beur-Buquicchio, aðstoðarframkvæmdastjóri Evrópuráðsins<sup>1</sup>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna gerir börnum kleift að fræðast um eigin mannréttindi. Þar sem hann kveður sérstaklega á um mannréttindi barna ættu allir, einkum börn, foreldrar og aðrir sem starfa með börnum, að kynna sér þennan mikilvæga hluta hins alþjóðlega mannréttindaramma. Í *Litli-kompás* eru réttindi barna sett í víðara samhengi við mannréttindi almennt og lögð áhersla á að börn skilji að þau njóta réttinda rétt eins og allir aðrir jarðarbúar.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989, eftir að aðildarríkin höfðu í um það bil áratug átt í samningaviðræðum sín á milli og verið í samráði við frjáls félagasamtök. Síðan hafa fleiri lönd fullgilt Barnasáttmálann en nokkurn annan mannréttindasamning og með færri **fyrirvörum**, sem eru formleg andmæli gegn atriðum sem ríki kann að vera ósammála.

Í Barnasáttmálanum segir að barn sé hver sá einstaklingur sem ekki hefur náð átján ára aldri, og kveðið á um að hvert barn njóti allra mannréttinda. Hann inniheldur 54 greinar um réttindi barna og þeim má skipta í þrjá meginflokka:

- **Vernd**, sem tryggir öryggi barna og fjallar um tiltekin mál, svo sem illa meðferð, vanrækslu og misnotkun;
- **Úrræði**, sem taka til sérþarfa barna, svo sem menntunar og heilbrigðisþjónustu;
- **Þátttöku**, þar sem **vaxandi þroski** barnsins til að taka ákvarðanir og taka þátt í samfélaginu þegar það vex úr grasi er viðurkenndur.

Í Barnasáttmálanum eru ýmis nýmæli varðandi mannréttindi. Til dæmis var hvorki getið um rétt barna til þátttöku í samfélaginu í Mannréttindayfirlýsingunni (1948) né í Yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1959). Önnur nýbreytni í sáttmálanum er að notuð eru fornöfnin *hann* og *hún* en ekki einungis *hann* sem almennt hafði verið notað um bæði kynin.

Í sáttmálanum er lögð mikil áhersla á hið mikilvæga hlutverk sem fjölskylda barnsins gegnir, vald hennar og ábyrgð. Ekki einungis er kveðið á um rétt barnsins til að alast upp við tungumál og menningu fjölskyldu sinnar, heldur einnig að virða skuli tungumálið og menninguna. Í sáttmálanum er einnig lögð rík áhersla á að ríki veiti þeim foreldrum stuðning sem geta ekki veitt börnum sínum viðunandi líf skjör.

Barnasáttmálinn viðurkennir ekki einungis að fjölskyldan sé barninu mikilvæg, heldur einnig að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi og hann tryggir þeim, í samræmi við vaxandi þroska þeirra, rétt á því sem auðkennir þau sem einstaklinga, rétt til einkalífs, frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar, og rétt til að tjá sig og eiga samskipti við aðra.

Sáttmálinn hefur haft gríðarleg áhrif um allan heim. Hann hefur rennt stoðum undir starfsemi í þágu barna meðal stofnana Sameinuðu þjóðanna, svo sem UNICEF og Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar; hann hefur haft áhrif á síðari samninga um réttindi barna (t.d. *Haag-samninginn um samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa*, sem kveður á um rétt barna til að eiga fjölskyldu fremur en rétt fjölskyldunnar til barnsins, og *Samninginn um réttindi fatlaðs fólks*); hann hefur beint sjónum alþjóðlegra hreyfinga að því að útrýma hvers kyns misnotkun á börnum, svo sem barnavændi og þátttöku barna í vopnuðum átökum, en hvort tveggja er nú í vinnslu sem **valfrjálsar bókanir** (breytingar á Barnasáttmálanum).



## Grundvallarreglur Barnasáttmálans

Réttindi barna í Barnasáttmálanum endurspeglar fjórar grundvallarreglur:

- 1. Bann við mismunun** (2. grein): Öll réttindi gilda undantekningalaust um öll börn. Ríkinu ber skylda til að vernda börn gegn hvers kyns mismunun.
- 2. Hagsmuna barna skal gætt** (3. grein): Hafa skal hagsmuni barnsins í fyrirrúmi við allar ákvarðanatökur sem það varðar. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang fram yfir hagsmuni hinna fullorðnu (t.d. foreldra, kennara, forráðamanna). En spurningunni um hvernig ákveða skal hvernig hagsmunum barns sé best borgið er enn ósvarað, það bíður frekari umræðu.
- 3. Rétturinn til að lifa og þroskast** (6. grein): Rétturinn til lífsins er barninu áskapaður og ríkinu ber skylda til að tryggja að barnið lifi af og nái þroska. Í því felst að börn má ekki dæma til dauða eða taka af lífi.
- 4. Virðing fyrir skoðunum barna** (12. grein): Barnið á rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og að tekið sé tillit til skoðana þess í öllum málum sem það varðar.

**SPURNINGAR:** *Hagsmunir barnsins er grundvallarregla í Barnasáttmálanum. En hver ákveður hvað er best fyrir fyrir barnið? Hvað gerist ef foreldrar, kennarar, yfirvöld eða barnið hafa ekki sömu skoðanir á því hvað sé barninu fyrir „bestu“?*

Barnasáttmálinn er öflugt tæki sem í krafti gerðar sinnar fær ungt fólk til að kanna réttindi sín. Hann nýtist einnig fólki á öllum aldri þannig að það gerir sér grein fyrir þeirri miklu ábyrgð sem felst í því að tryggja börnum réttindi sín. Með því að nota sáttmálann á þennan hátt læra börnin að standa á rétti sínum.

## Eftirlit með að farið sé að Barnasáttmálanum

Eins og allir aðrir mannréttindasamningar inniheldur Barnasáttmálinn greinar sem kveða á um hvernig fylgjast skuli með því að stjórnvöld fari að samningnum. Í II. hluta sáttmálans, 42.–45. grein, er fjallað um þetta ferli og kröfur:

- Þess er krafist að stjórnvöld kynni bæði börnum og fullorðnum þau réttindi sem kveðið er á um í sáttmálanum (42. grein);
- Stofnuð hefur verið nefnd um réttindi barna og í henni sitja óháðir sérfræðingar sem hafa eftirlit með að aðildarríkin innleiði Barnasáttmálann (43. grein);
- Viðkomandi ríki skulu gefa skýrslu á fimm ára fresti um framgang mála við innleiðingu sáttmálans (44. grein);
- Hvatt er til alþjóðlegrar samvinnu við innleiðingu sáttmálans, einkum meðal tiltekinna stofnana Sameinuðu þjóðanna, svo sem UNICEF (45. grein).

Í hinum lögboðnu skýrslum, sem yfirleitt eru unnar innan ríkisstofnana sem fara með málefni barna, er gefið til kynna hverjir njóti ekki tiltekinna réttinda, greint frá hvað það er sem kemur í veg fyrir það og hvað stjórnvöld hyggist gera til að leysa úr þeim vanda. Skýrslan er kynnt fyrir nefnd SP um réttindi barna í Genf, þar sem aðalskrifstofa Mannréttindafulltrúa er staðsett, og hún fer yfir hana og setur fram tillögur um frekari aðgerðir.

**SPURNINGAR:** *Hvaða stofnun hér á landi vinnur að gerð skýrslunnar um innleiðingu Barnasáttmálans? Hvernig aflar sú stofnun sér upplýsinga um málið?*



**SPURNING:** Hefur verið gerð grein fyrir innleiðingu Barnasáttmálans með reglubundnum hætti hérlandis?

Með eftirlits- og skýrsluferlinu gefst einnig frjálsum félagasamtökum, sérfræðingastofnunum, börnum og unglingum, og öðrum aðilum sem hafa með börn að gera, tækifæri til að taka virkan þátt. Þessir aðilar geta lagt fram aðra skýrslu eða svokallaða **skuggaskýrslu** þar sem yfirlýsingar stjórnvalda eru dregnar í efa eða vakin er athygli á vandamálum sem ekki er getið um í opinberu skýrslunni.<sup>2</sup>

**SPURNINGAR:** Hafa slíkar skuggaskýrslur verið sendar héðan? Ef svo er, hver skrifaði þær? Hvað fjölluðu þær um sem ekki var getið um í skýrslum stjórnvalda?

### Eftirlit með réttindum barna

Oft tilnefna Sameinuðu þjóðirnar sérfræðing sem **sérlegan skýrslugjafa** til að afla upplýsinga um erfið mál eða tiltekið land. Þar sem þjóðir heims höfðu áhyggjur af aukinni kynferðislegri misnotkun og mansali á börnum í gróðaskyni veitti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna árið 1990 slíkum skýrslugjafa umboð til að afla upplýsinga og gefa skýrslu um mansal á börnum, barnaklám og barnavændi.

Ýmis frjáls félagasamtök fylgjast einnig með því hvernig innleiðing Barnasáttmálans gengur fyrir sig. Meðal þeirra eru stór alþjóðleg samtök um málefni barna, svo sem Barnaheill og Upplýsinganet um réttindi barna (Child Rights Information Network – CRIN). Önnur starfa á landsvísu eða innan tiltekinnar svæða. Sem dæmi má nefna að Evrópunet umboðsmanna barna (European Network of Ombudsmen for Children – ENOC) rannsakar, gagnrýnir og vekur athygli á stjórnsýsluaðgerðum í Evrópu sem kunna að brjóta í bága við Barnasáttmálann. Umboðsmaðurinn getur kynnt réttindi barna í ýmiss konar einkamálum og sakamálum sem börn eiga beina eða óbeina hlutdeild að, óháð löglegum fulltrúum, foreldrum eða forráðamönnum. Í Evrópunetinu eiga sæti fulltrúar frá Austurríki, Belgíu, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Írlandi, Íslandi, Litháen, Makedóníu, Noregi, Portúgal, Rússneska sambandsríkinu, Spáni, Svíþjóð, Ungverjalandi og Wales.<sup>3</sup>

## Kynning á Barnasáttmálanum

Allur almenningur, börn, kennarar, foreldrar og aðrir aðilar geta átt mikilvægan þátt í því að vekja athygli á og vinna að réttindum barna. Til að tryggja að öllum sem starfa með börnum sem og börnunum sjálfum sé kunnugt um þessi réttindi ætti Barnasáttmálinn að liggja frammi á skólabókasöfnum og fjalla ætti um hann í kennslustundum og ræða málið við foreldra.

Ein skilvirkasta leiðin til að kynna Barnasáttmálann er kerfisbundin mannréttindamenntun sem hefst meðal barna á unga aldri. Öll börn eiga rétt á að þekkja bæði réttindi sín og annarra!

[www.barnasattmali.is](http://www.barnasattmali.is)

### Gagnlegar heimildir

- Eide, Asbjörn og Alfreðsson, Guðmundur, *The Universal Declaration of Human Rights: A common standard of achievement*: Martinus Nijhof, 1999.
- Franklin, Bob, *Handbook of Children's Rights*: Routledge, 2001.
- Hodgkin, Rachel og Newell, Peter, *Implementation Handbook for the Convention on the Rights of the Child*: UNICEF, 2002.



.....

### Gagnleg vefsvæði

- Amnesty International: [www.amnesty.org](http://www.amnesty.org)
- Upplýsinganet um réttindi barna: [www.crin.org](http://www.crin.org)
- Evrópuráðið: [www.coe.int](http://www.coe.int)
- Lýðræði og mannréttindamenntun í Evrópu: [www.dare-network.org](http://www.dare-network.org)
- EURONET (European Children's Network): [www.europeanchildrensnetwork.org](http://www.europeanchildrensnetwork.org)
- Evrópunet umboðsmanna barna: [www.ombudsnet.org/enoc/](http://www.ombudsnet.org/enoc/)
- Samtökin „Human Rights Watch“: [www.hrw.org](http://www.hrw.org)
- UNESCO: [www.unesco.org](http://www.unesco.org)
- UNICEF: [www.unicef.org](http://www.unicef.org)
- Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna: [www.ohchr.org/english](http://www.ohchr.org/english)
- Fræðsluvefur um Barnasáttmála SP: [www.barnasattmali.is](http://www.barnasattmali.is)

.....

### Tilvísanir

- 1 Ræða sem var haldin á ráðstefnu um réttlæti börnum um víða veröld til handa, 17. september 2007.
- 2 Action for the Rights of Children (ARC), geisladiskur frá UNICEF & Samtökum Barnaheilla, 2003.
- 3 Sjá [www.ombudsnet.org](http://www.ombudsnet.org)

